

**148. fundur skólanefndar Menntaskólans á Egilsstöðum
haldinn 30. janúar 2020 kl 17:00 í fundarherbergi skólans**

Mættir voru skólanefndarmennirnir: Skúli Björn Gunnarsson formaður, Anna Björk Guðjónsdóttir og Stefán Bogi Sveinsson. Halldór Warén og Sigrún Birna boðuðu forföll en ekki tókst að fá varamenn í þeirra stað.

Mættir voru áheyrnarfulltrúarnir: Þórunn F. Víðisdóttir f.h. kennara, Kristjana Sigurðardóttir f.h. foreldra og Signý Eir Guðmundsdóttir f.h. nemenda.

Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Jóney Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar.

1. Samþykkt fundargerð 147 fundar.
2. Gangurinn í starfinu og horfur á vorönn.
3. Jafnréttisstefna skólans til kynningar.
4. Jafnlaunastefna skólans til kynningar.
5. Önnur mál.

Skúli Björn formaður setti fund kl. 17:00. Gengið var til dagskrár.

1. Samþykkt fundargerðar 147. fundar.

Fundargerð 147. fundar var staðfest með undirritun.

2. Gangurinn í starfinu og horfur á vorönn.

Skólameistari sagði frá skólastarfinu en fyrri spönn vorannar er nú að verða hálfnuð. Freyja Kristjánsdóttir hefur verið í veikindaleyfi frá upphafi spannar. Sigríður Klara Sigfúsdóttir og Magnús Halldór Helgason hafa leyst hana af.

Dagskólanemendur eru um 180 og fjarnemendur um 300. Innleiðing kennsluumhverfisins Canvas er hafin en nokkrir kennarar hafa kennt í gegnum það á þessari spönn. Fleiri munu bætast við á næstu spönn. Í haust er reiknað með að Canvas verði eingöngu notað. Undirbúningur fyrir fardaga er hafinn. 46 nemendur hafa skráð sig til útskriftar í vor. Skólameistari fór yfir fjármál skólans. Halli ársins 2019 var 12 milljónir. Afgangur frá fyrra ári var 28 milljónir sem þessar 12 milljónir dragast af. Fjöldi fjarnemenda hefur myndað umframnemendaígildi en að sama skapi orðið til þess að hægt er að halda úti nokkuð öflugum námsframboði og stöðugildum kennara stöðugu. Aukin kynning á skólanum er í bígerð og verið að gera ný kynningarmyndbönd. Félagslíf gengur vel. Gettu betur liðið og Morfis hafa lokið sínum keppnum þetta árið með góðum árangri. Framundan er uppsetning

HBK
480

leikritsins Brúðkaup eftir Guðmund Ólafsson en frumsýning verður 21. febrúar. Söngkeppnin Barkinn verður 12. mars.

3. Jafnréttisstefna skólans til kynningar

Jafnréttisstefna skólans hefur verið endurskoðuð. Farið var yfir helstu atriði stefnunnar. Skólanefnd gerir ekki athugasemdir við stefnuna á þessu stigi. Jafnréttisstefnan mun fara til kynningar á starfsmannafund í febrúar og verður tekin fyrir aftur á næsta fundi skólanefndar.

Undir þessum lið varð umræða um kennslu í kynjafræði við skólann. Skólameistari sagði að hugmyndir væru uppi um að auka þá kennslu í skylduáföngum eins og lífsleikni eða bæta hreinlega við sérstökum kynjafræðiáfangum sem myndi þá þýða að eitthvað annað yrði að víkja. Skólanefnd lýsti yfir ánægju með meiri kennslu um kynjafræði.

4. Jafnlaunastefna skólans til kynningar

Jafnlaunastefna var lögð fram til kynningar. Sótt hefur verið um jafnlaunavottun sem átti að vera lokið fyrir áramót en dróst m.a. vegna skorts á vottunaraðilum. Vottunarferlið mun fara fram í febrúar með tilheyrandi úttekt. Stefnan verður lögð fram til kynningar á starfsmannafundi í febrúar og verður tekin fyrir aftur á næsta fundi skólanefndar.

5. Önnur mál.

- a. Drög að skólaalmanaki fyrir næsta vetur voru lögð fram til kynningar.
- b. Næsti fundur verður 19. mars kl. 17:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Skúli Björn Gunnarsson



Stefán Bogi Sveinsson

Anna Björk Guðjónsdóttir

